



Kaupfélagsstjórar!

Munið eftir því að haldbest og smjöri líkast er „Smára“-smjörliki

Sendið því pantanir yðar til:

H.f. Smjörlikisgerðin, Reykjavík.

Beislisstengur,

góðar og ódýrar. — fást hjá

Sambandi ísl. samv.félaga.

Efnarannsóknarstofa Íslands

Reykjavík 19. des. 1925.

Hr. kaupm. Pétur Bjarnarson, Reykjavík.

Samkvæmt áskorun hefir Efnarannsóknarstofan athugað kaffibæturinn Sóley og kaffibæti Ludvig David.

Samsetningin reyndist þannig:

	Kaffibætur Sóley	Kaffibætur Ludvig David
Vatn	16,30%	18,40%
Steinaefni (aska)	4,80%	5,15%
Köfnunarsambönd	6,10%	5,70%
Feiti	1,29%	3,20%
Önnur efni sykur, dextrin	71,60%	67,55%
	100%	100%
Leysanlegt í vatni	58,8%	58,5%

Samræmingaefni hafa þýðingu: Köfnunarefnasambönd, feiti og nokkuð af því, er kallað er önnur efni. Eins og tölurnar bera með sér er fremur litill munur á samsvarandi efnu beggja tegundanna.

Að sjálfsögðu koma aðeins leysanlegu efnin til greina við kaffilögunina. Þar á meðal eru þau efni sem gefa lit og bragð. Tilraun var gerð með að leysa úr báðum tegundum nákvæmlega á sama hátt og mæla síðan litarstyrkleikann á kaffileiginum.

Var ekki hægt að gera þar neinn mun á.

Rannsóknarstofan
Trausti Ólafsson, Reykjavík.

II.

Vér höfum talað um, hvernig endurminningar gamla ársins geta mykst. Sársauki þeirra læknast við það að fá fyrirgefning föðurins, við það að finna frelsarann eins og Simeon.

Þá skulum vér hugleiða hinn annan lið umtalsefnisins: Hvað fær gjört vonir komandi ársins bjartar og ljúfar? Það er traustið á Guði. Og grundvöllur trausts og trúar er fullvissan um fyrirgefning.

Þér finnið öll, hve mikill munur er á að byrja árið skuldlaus, eða með skuldabyrði á baki. Hver skuldlaus maður er að jafnaði miklu öruggari og hefir meira traust á sjálfum sér en hinn.

Og eins er því varið um hið andlega og sálarlega. Sé stærsta skuldin, syndaskuldin, fyrirgefin af föðurnum, þá verður öll framtíðin bjartari og vonin öruggari í brjósti manns.

Vér vitum, hve menn líta misjafnt á hið ókomna. Þótt tveir menn búi við svipuð kjör, þá er alt svart og ómurlagt í augum annars, en alt bjart og yndislegt í augum hins. Oss er það ljóst, hve bjartsýna mannum líður miklu betur. Að öðru jöfnu má jafnvel búast við að hann lifi lengur og verði heilsuhraustari en hinn. Svo miklu orkar bjartsýnin um að gera manninn hraustan og heilbrigðan og starfshæfan að hlutverkum lífsins.

Eg veit, að bjartsýni og svart-sýni fer eftir ýmsu, fer eftir meðfæddum eiginleikum, fer eftir uppeldi og lífskjörum og mörgu öðru. En heilbrigð bjartsýni fer þó mest eftir því, hvort vér eigum lifandi trú eða ekki. Því tilveran öll ber annan blæ fyrir augum trúaðs manns, en fyrir augum hins vantrúaða.

Mér kemur í hug málverk eitt.

eftir þýskan mann, sem nefnist „Skýjalandi“. Þegar lifði er á málverkið í fjarlægð, án þess að athuga það nánar, þá sýnist það líkast einhverri óljóstri ógnarmynd, sem kreppi hnefann fram á móti oss. En þegar komið er nær og horft á það í hæfilegri fjarlægð, þá gefur að sjá, að þetta ógnandi ský eru eintómir smáenglar, er svifa á móti oss á silfurhvítum vængjum og benda til himins.

Þannig er lífið sjálft. Þar sem trúar- og vonarlaus maður sér ekkert annað en krepta járnhönd, þar sér trúmaðurinn bendingu frá Guði.

Trúður maður getur orðið fyrir fámiskonar raunum, engu síður en hinn, en hann skoðar málverkið frá réttum stað. Hann skoðar hið þunga og erfiða, sem reynslu sér til góðs. Hann finnur í hverju mótlætisskí engil sjálfs Guðs koma á móti sér og benda til himins.

Vér þurfum því engu að kvíða og ekkert að óttast þótt oss mæti meðúsky á árinu nýja. Vér getum gengið hugrökk móti hættum og raun, móti hverju, sem ber að höndum, því að vér vitum að yfir oss vaka englar Guðs oss til verndar. Verum því vonglöð og ókvíðin öll, sem fundið höfum Jesúm Krist, eins og Simeon. Fyrir hann gefur faðirinn upp skuldir og fyrirgefur alt, sem brotið var á liðnum árum. Fyrir hann vill Guð gefa oss mátt til að stríða og starfa glaðir á árinu, sem í hönd er. Hann einn fær kent oss að kveðja gamla árið þakklátur fyrir alt. Hann einn gefur oss að heilsa nýja árinu vonglaðir og fagnandi, eins og vorfuglinn vermandi sólu. Felum oss því í hans hönd, leitum til hans í bæn og trú, þá mun Guð gefa oss gleðilegt nýtt ár.

Eg hóf mál mitt á því að tala

Jörð til sölu.

Jörðin Stóra-Fljót í Biskupstungum er laus til ábúðar í næstu fardögum 1926. Jörðin hefir girt tún allt slétt er gefur af sér nokkuð á 3. hundruð hesta. Áveituegjar girtar. Hver mjög nothæfur til þvotta, brauðabaksturs og áveitu. Girtir hagar fyrir málmytupening. Sérstaklega góð beit fyrir hross og sauði. Fjögur hagahús í góðu lagi og hlöður við. Heimahlada sem ný, er tekur 650 hesta, með skúrum við. Hesthús fyrir 16 hesta nýbygt. Geymsluhús undir járn og smíðja. Íbúð járnvarin með sérherbergi.

Umsækendur snúi sér til bræðranna á nefndri jörð Þórðar og Jóns Halldórssona.

Stóra-Fljóti 5. desember 1925.

Þórður Halldórsson

Hinir margeftirspurðu grammófónar

„Sonora“ fyrirleggjandi

Samband ísl. samvinnufélaga.

Hinar ágætu Þrjónavélar frá Dresdner

Strickmaschinenfabrik fyrirleggjandi

Samband ísl. samvinnufélaga.

Smásöluverð

má ekki vera hærra á eftirtöldum tóbakstegundum, en hér segir:

Vindlar.

Regal Fantasia frá Mignot & de Block	Kr. 12.65 pr. 1/2 ks.
do. Princesse — sama	— 14.10 — 1/2 —
do. Sublimes — sama	— 16.10 — 1/2 —
do. Reinitas — sama	— 20.70 — 1/2 —
Cabinets — sama	— 12.65 — 1/2 —
Carte Blanche — sama	— 12.40 — 1/2 —
Matador — sama	— 17.55 — 1/2 —
Perfectos — sama	— 14.65 — 1/2 —

Utan Reykjavíkur má verðið vera því hærra, sem nemur flutningskostnaði frá Reykjavík til sölustaðar, en þó ekki yfir 2%.

Landsverslun Íslands.

um kveldroða. Eg lýk þá máli mínu með að tala um morgunroða. Eg enda mál mitt með þeirri ósk, að morgunroði Guðs dýrðar og fyllingar fái hvílt yfir árinu komanda. Kom þú lífsins sóll! Kom þú Jesús Kristur, þú aldanna morgunroði! Lát þú ljósið frá þér ljóma inn í sál vora. Lát það ljóma inn á heimili vor og yfir land vort og þjóð.

Komi ríki þitt til vor, sem morgunroði af hæðum, svo að árið nýja verði oss í sannleika gleðilegt ár. Amen.

Íslenski kaffibæturinn er auglýstur hér í blaðinu í dag og um sögn Efnarannsóknarstofu ríkisins um hann. Er fengin löng reynsla fyrir því að hann er ágæt vara, sem fyllilega stenst samkeppi við erlenda framleiðslu. Á það að vera metnaðarmál öllum að greiða fyrir innlendu framleiðslunni; hvort sem eru bændaverslanirnar, eða íslenskrar kaupmannaverslanir, ættu þær að halda fram íslensku vörurni.

„Rógur um Rússland“. Alþýðublaðið hefir undanfarið birt langa ritgjörð um þann róg um Rússland, sem fluttur sé í íslenskum blöðum. Er Tíminn meðal annars sakfeldur um það þunglega. En nú í vikunni berst símfregn um það, að í aðalblaði dönsku Jafnaðarmannanna hafi birst bréf frá Jafnaðarmönnum, sem sitja í fangelsi Rússa í Síberíu. Stendur í því „að fangarnir kveljist þar til dauða úr sulti, af óhreindum og djöfullegri meðferð yfirleitt. Engin læknishjálp er fánlegt handa þeim og er þeim kasað saman í klefana og deyja þar í hrönnunum. Ákalla þeir flokksbræður sína um hjálp“. — Yfirskrift yfir þessari fregn í Alþýðublaðinu er: „Rógurinn um Rússland“. — Fer þá skölin að færað upp í bekkinn er Alþýðublaðið sakar aðalblað dönsku Jafnaðarmannanna

um slíkt. — Eitt allra blaða í álfunni, reynir Alþýðublaðið að sigla beggja skauta byr milli Jafnaðarmanna og Kommúnista. Sú sigling getur ekki tekist til lengdar. Kommúnistarnir eru tryggustu bandamenn hinna svæsnustu fíaldsmanna og bardagaöferðirnar hinar sömu hjá báðum.

Strand. Sunnudagskvöldið síðastliðið lagði togarinn Ása, eign Duusverslunar, af stað héðan úr bænum, á ísfiskveiðar. Skall á norðanveður um nóttina með mikilli fannkomu. Klukkan um 4 um nóttina barst loftskreytastöðinni neyðarmerki frá Ásu. Var sögð strönduð undir Svörtuloftum. Í herumbil klukkutíma voru neyðarmerkin send, en hættu svo snögglega. Fyltust menn ugg og ótta hér í bænum, um að öll skipshöfnin hefði farist. — Með loftskreytum var nú kallað á Gullfoss, sem var í Stykkishólmi og á togara, en sem betur fór voru aðrir komnir á vettvang fyr, nógu snemma til að bjarga skipshöfninni. — Skipið kendi grunnus um kl. 4 um nóttina á Malarvífi. Var þá svo svartur bilurinn að ekki sá til vitans sem þar er. Bátar voru settir á flot og kl. 5 1/2 voru allir komnir í bátana, enda var þá mikill sjór kominn í skipið. Skipið var þá að halda sér við skipið í taug, en þá skall skipið á hliðina svo að taugin losnaði. Var þá andæft til hádegis. Komu þá að tvö skip, norskt og þýskt og björguðu öllum skipsmönnum. Fengu þeir þar hinar bestu viðtökur. Svo kom Gullfoss og tók þá með suður. — Birtist í Alþýðublaðinu frásögn um slysið eftir viðtali við einn skipverja. Er rómuð mjög stilling og stjórnssemi yfirmannanna á Ásu, er slysið bar að, enda hafi hásetar einnig hagað sér eftir því; enginn mælti æðruorð, en allir framkvæmdu hiklaust það sem gjöra bar.

Sigurður Jónsson frá Ystafelli hefir tilkynnt stjórnarráðinu að

H.f. Jón Sigmundsson & Co.



Miller

og alt til upphluts sérlega ódýrt.

Skúfholkar

úr gulli og silfri. Sent með póströfu út um land ef óskað er.

Jón Sigmundsson gullsmiður.
Sími 383. — Laugaveg 8.

Helgi Hjörvar:

Sögur.

Guðmundur Finnbogason landsbókavörður segir um bókina („Vísir“, 23. sept. þ. á.):

„Helgi Hjörvar gengur rakleitt og rólega til sætis síns á hinum æðra bekk þeirra, er sögur hafa skrifað á íslensku. Það er nýr hreimur í rödd hans og hann segir nýjar sögur, sem læsa sig fast í hugann. Þrjár af þessum sögum: „Smalaskórnir“, „Bakka-sund“ og „Gusi“, eru hver annari átakanlegri; þær lýsa sárum örlogum svo að lesandinn finnur til og skilur, og ekkert dregur úr sviðanum nema hinn svari, heiði og hlutlaus blær frásagnarinnar. Slíkt er einkenni sannrar listar. Ljettara er yfir sögunni „Kitlur“, verðlaun sögu, er birtist í Eimreiðinni 1919 og sýndi undir eins, að hjer var efnilegt söguskáld á ferðinni. Síðasta sagan „Snjókast“ er heldur lausari að gerð en hinar, en andar hressandi æskufjóri og heilbrigði. Yfir máli höfundarins er vorblær og heiðrikja, sem gladdi mig innilega. Og sú er spá mín, að þessar sögur eignist marga vini“.

Bókin hefir selst upp í Reykjavík á tæpum þrem mánuðum. Þeir, sem enn vilja eignast hana, verða að ná í þau eintök, sem óseld kunna að vera hjá bóksölum úti um land.

hann geti ekki sótt næsta Alþingi vegna veikinda. Var þetta síðasta þingið af kjörtímabili hans sem landskjörins þingmanns. Varamaður hans er Ágúst bóndi Helgason í Birtingaholti.

Mæðrabókin. Ný bók, með því nafni, kemur að norðan. Hinrik Thórarssen læknir á Siglufirði gefur út, en Björn G. Blöndal læknir hefir þýtt. Frumsamin er hún af dönskum læni. Fjallar um hirðing barna frá vöggum og á skólaaldur. Er þetta áreiðanlega ein þarfasta og besta bók, sem gefin hefir verið út upp á síðkastið. Hún er prýdd mörgum myndum og frágangum allur hinn vandaðasti.

Í kvöld byrjar Leikfélag Reykjavíkur að leika Dansinn í Hruna, eftir Indriða Einarsson. Er það í fyrsta sinni sem það leikrit er sýnt á leiksviði.

Úrskurður Alþjóðabandalagsins Mosulmálinu, varð algerlega Englingum í vil. Brugðust Tyrkir hinir reiðustu við. Eru hafnar æsingar um alt land og heimtað stríð. Hefir þingið verið hvatt til fundar í Angora. Orðasveimur er um að Rússar muni veita Tyrkjum lið, ef til ófriðar dragi.

Úrskurður Alþjóðabandalagsins í máli Grikkja og Búlgara, féll algerlega hinum síðarnefndu í vil, eins og áður var að vikið. Hafa Grikkir tilkynnt að þeir uni úrslitunum.

Enn hefir ekki tekist að mynda nýja stjórn á Þýskalandi. Segja nýjustu símskeyti verstu tíðindi um ástandið í landinu: Afskaplegt atvinnuleysi, óteljandi gjaldprot; búist við blóðugum óeyrðum; er talið ekki ósennilegt að stjórnin neyðist til að lýsa landið í umsátursástand.

Ritstjóri: Tryggvi Þórhallsson.
Prentsmiðjan Acta.